

Ályktun um Vestfjarðalínu

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, hvetur stjórnvöld til að leita nýrra leiða við fjármögnun á uppbyggingu innviða á Vestfjörðum. Litið verði á uppbyggingu jarðganga og annarra samgönguinnviða á Vestfjörðum sem sérstakt viðfangsefni samgöngumála í landinu.

Fjórðungsþing telur mikilvægt að stjórnvöld gangi hér til samstarfs við Innviðafélag Vestfjarða, sveitarfélög, Vestfjarðastofu og aðra hlutaðeigandi aðila við leit að fjármagni til að hrinda í framkvæmd samgönguverkefninu Vestfjarðalínu. Vestfjarðalína verði sérstakur samgöngusáttmáli fyrir Vestfirði sem tryggir öruggan láglendisveg árið um kring og tengir saman mismunandi svæði Vestfjarða og landshlutann saman í eina heild og með öflugra tengingu við höfuðborgarsvæðið.

Fjórðungsþing ítrekar ályktun frá 68. Fjórðungsþingi um að haldið verði þing um jarðgöng og fjármögnun stórfamkvæmda þar sem forsendur uppröðunar jarðgangakosta og leiðir til fjármögnunar stórfamkvæmda í vegagerð verði ræddar og óskar eftir aðkomu Innviðafélagsins að þeirri vinnu.